

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 5. október 2022
UST202209-309/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015- 2027 – Klif/Spóastaðir

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 30. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015- 2027 fyrir Klif. Auk þess er gerð breyting á orðalagi er varðar uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum í kafla 2.4.1 í greinargerð aðalskipulags.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að frístundasvæðið Spóastaðir (F49) minnkar um 3 ha og verður 4 ha eftir breytingu og landbúnaðarland stækkar sem því nemur.

Auk þess er gerð breyting á orðalagi í kafla 2.4.1 í aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem segir: „Heimiluð er uppbygging á landspildum *að jafnaði 3 ha eða stærri* (smábýli) m.a. til áhugabúskapar ef um fasta búsetu er að ræða enda styrkir það nýtingu núverandi veitukerfa, hamli ekki eðlilegri landbúnaðarstarfsemi né spilli góðum landbúnaðarsvæðum eða verndarsvæðum.“

Náttúruverndarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að frístundasvæðið er á svæði á náttúruminjaskrá sem nefnist Brúará og Brúarskörð og er númer 739 og flokkast sem aðrar náttúruminjar. Umhverfisstofnun bendir á að í kafla 2.1. *Staðhættir* og í kafla 4 *Umhverfisáhrif* í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar þarf að fjalla um svæðið sem er á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur